



**Sjálfsmatsskýrsla FSH
2021-2022**

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
1. Haustönn 2021.....	2
1.1. Niðurstöður námsmats haustannar 2021.....	2
1.2. Innritun nýnema á haustönn 2021	3
1.3. Brottfall haustannar 2021.....	3
1.4. Viðhorfskönnun meðal starfsmanna FSH	3
2. Niðurstöður kennslu-og áfangamats á haustönn 2021.....	5
2.1. Athugasemdir og úrbótatillögur við kennslu- og áfangakannanir á haustönn 2021	6
3. Vorönn 2022.....	7
3.1. Niðurstöður námsmats vorannar 2022.....	8
3.2. Brottfall vorannar 2022	8
3.3. Heilsukönnun meðal staðnema vor 2022.....	8
3.3.1 Athugasemdir og úrbótatillögur vegna Heilsukönnunar meðal nemenda vorið 2022	9
4. Niðurstöður kennslu-og áfangamats á vorönn 2022.....	11
4.1. Athugasemdir og úrbótatillögur við kennslu- og áfangakannanir á vorönn 2022	11
5. Jákvæð svörun kennslu-og áfangakannana yfir skólaárin 2010-2022.....	12
6. Fall og brottfall á skólaárinu 2021 - 2022	13
5.1. Umfjöllun um brottfall.....	13
5.2. Úrbótatillögur vegna falls og brottfalls á skólaárinu	13
Lokaorð	13
Viðaukar	15

Gögn í viðauka:

Námsárangur haustönn 2021 og vorönn 2022, ásamt einkunnadreifingu V09-V22
Viðhorfskönnun meðal starfsmanna FSH
Kennslu- og áfangakönnun haust 2021
Heilsukönnun meðal staðnema
Kennslu-og áfangakönnun vor 2022
Jákvæð svörun kennslu-og áfangakannana frá árinu 2010-2022

Inngangur

Aðalmatsþættirnir þetta skólaár voru fjórar kannanir sem tóku á lykilþáttum í starfi skólans. Á haustönn 2021 var framkvæmd *Viðhorfsskönnun meðal starfsmanna FSH* ásamt því að lögð var fyrir hefðbundin kennslu- og áfangakönnun.


Á vorönn 2022 var framkvæmd *Heilsufarskönnun meðal staðnemenda*. Einnig voru lagðar fyrir hefðbundnar kennslu- og áfangakannanir á vorönn.

Í skýrslunni er reynt að finna ástæður fyrir falli og brottfall nemenda frá skólanum eins og undanfarin skólaár, sem og finna leiðir til að draga úr því. Niðurstöður kennslukannanna er hægt að bera saman við niðurstöður kannanna í fyrri skýrslum. Skýrslur með niðurstöðum kannana sem lagðar voru fyrir yfir skólaárið eru að finna í viðauka við þessa skýrslu.

1. Haustönn 2021

Fyrsta verk sjálfsmatsnefndar var að ljúka við að skrifa sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2020-2021. Kennslu- og áfangakannanir voru lagðar fyrir og unnið úr niðurstöðum. Sjálfsmatsnefnd sendi öllum kennurum niðurstöður kennslu- og áfangakannanna í sínum fögum. Viðhorfsskönnun meðal starfsmanna FSH var svo lögð fyrir í lok annarinnar.

1.1. Niðurstöður námsmats haustannar 2021



Mynd 1: Sýnir niðurstöður námsmats haustannar 2021

Meðaleinkunn allra áfanga á önninni var 8,0. Fall á önninni var 5,8% og 4,5% skráninga í áfanga endaði með úrsögn eða nemendur mættu ekki í próf (brottfall). Fjöldi fjarnema var 23 í 405 einingum, þar af voru staðnar einingar 262 eða 65%. Fjöldi fjarnema í gegnum *Fjarmenntaskólann* var einungis einn í 5 einingum, sem voru staðnar. Fjöldi dreifnemenda var 32 í 407 einingum, sem allar voru staðnar.

Tölfræði um námsárangur í einstökum áföngum annarinnar er birt í viðauka.

1.2. Innritun nýnema á haustönn 2021

Innritaðir nýnemar á haustönn 2021 voru 56, þar af kom 21 nemandi úr Borgarhólsskóla sem eru 77,8% af nemendum sem útskrifuðust þaðan vorið 2021. Í árangursviðmiði um námsframboð skólans er gert ráð fyrir að meira en 80% nemenda 10. bekkjar Borgarhólsskóla velji FSH. Ljóst er að þetta markmið náðist ekki þessa önnina, en þó með naumindum.

1.3. Brottfall haustannar 2021

Heildarfjöldi eininga með einkunn 0 (Nemendur mættu ekki í lokapróf) var 5, og heildarfjöldi eininga með einkunn H (nemendur hættu í námi) var 96. Brottfallseiningar voru því alls 101 eða 3 ársnemendur.

1.4. Viðhorfskönnun meðal starfsmanna FSH

Könnunin var tölvupóstkönnun sem var lögð fyrir 16 einstaklinga. Þátttakendur voru starfsfólk skólans að undanskildum stjórnendum. Svarhlutfall var 68,75 %, þ.e. 11 svöruðu. Skýrsla um niðurstöður könnunarinnar er í viðauka við þessa skýrslu.

Tekinn er jákvæður hluti úr spurningum með kvörðunum 1 – 5, mjög gott – frekar gott og mjög vel – frekar vel. Jákvæður hluti er summa af tveimur bestu valmöguleikunum. Markmið skólans er að jákvæður hluti í svona könnunum sé 70% eða meira.

Tafla 1: Niðurstöður viðhorfsskönnunar starfsmanna haustið 2021**Jákvæð svörun**

Spurning	Mjög sammála %	Frekar sammála %	Samtals %
1. Ég hef fengið hvatningu frá stjórnendum til að sækja sí-og endurmenntun	36,36	36,36	72,72
3. Þegar á heildina er lítið er ég ánægð(ur) í starfi mínu	54,55	36,36	90,91
4. Þekking mín og hæfileikar nýtast vel í starfi mínu	81,92	9,09	91,01
5. Starf mitt er metið að verðleikum af yfirmönnum mínum	72,73	18,18	90,91
6. Ég er ánægð(ur) með laun mín hjá stofnuninni	27,27	36,36	63,63
7. Starfs mitt er fjölbreytt og reynir á ólíka hæfileika mína og færni	63,64	27,27	90,91
8. Ég er ekki undir miklu vinnuálagi	9,09	0	9,09
9. Ég finn ekki fyrir streitu í starfi	18,18	18,18	36,36
10. Góður starfsandi er ríkjandi innan stofnunarinnar	27,27	45,45	72,72
11. Upplýsingarmiðlun innan stofnunarinnar er í góðu lagi	9,09	63,64	72,73
12. Ég er spurð(ur) álits á ákvörðunum sem snerta starfssvið mitt	27,27	54,55	81,82
15. Ég hef haft frumkvæði að því að bæta mig í starfi með viðbótar- og/eða endurmenntun	50	40	90
16. Yfirmaður setur stofnuninni skýr markmið	45,45	45,45	90,9
17. Stjórnendur leita til starfsmanna sinna áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar	18,18	63,64	81,82
18. Stjórnendum tekst vel að leysa þau starfsmannavandamál sem upp koma	10	60	70
19. Stjórnendur hafa frumkvæði að því að bæta vinnubrögð innan stofnunarinnar	27,27	45,45	72,72
20. Stjórnendur leiðbeina og gagnrýna á uppbyggjandi hátt	18,18	63,64	81,82
21. Stjórnendur taka vel í ábendingar um það sem betur má fara	36,36	45,45	81,81
22. Stjórnendur fresta ekki ákvörðunum um erfið mál	9,09	54,55	63,64
23. Ég fæ hrós/viðurkenningu frá stjórnendum þegar mér hefur tekist vel upp í starfi	63,64	18,18	81,82
24. Stjórnendur bera hag starfsmanna sinna fyrir brjósti	63,64	27,27	90,91
25. Góð þjónusta er eitt af forgangsverkefnum skólans	81,82	9,09	90,91
Meðaltal	38,68	37,19	75,87

Niðurstöður könnunarinnar í heild bera þess merki að fjölmargir þættir hafa þróast í jákvæða átt. Og bæði spurning 6 og 22 sem eru einu atriðin sem ekki ná settu markmiði, koma mun jákvæðar út í samanburði við síðustu fyrirlögn könnunarinnar.

Spurning 6 – Ég er ánægð(ur) með laun mín hjá stofnuninni

Niðurstöður spurningar gefa 63,63 % jákvæðni. Það er ljóst að þróunin er í þá átt að fólk er ánægðara með launin sín. Mikilvægt er þó að fólk haldi áfram að taka þátt í kjarabaráttu sinna stéttarfélaga.

Spurning 8 – Ég er ekki undir miklu vinnuálagi**Spurning 9 – Ég finn ekki fyrir streitu í starfi**

Niðurstöður spurningar nr.8 gefur 9,09% jákvæðni (samanburður við niðurstöður árið 2018; 33,3 % jákvæðni) og spurning nr. 9 gefur 36,36% jákvæðni (samanburður við niðurstöður árið 2018: 58,3% jákvæðni).

Stokkatöflu var breytt fyrir tveimur árum þar sem föstudagskennsla varð að vinnustundum nemenda. Það gæti hafa leitt til þess að kröfur um verkefnaskil frá

nemendum til kennara séu orðnar meiri. Af því leiðir að kennarar þurfa að skila mikilli vinnu í tengslum við verkefnayfirferð með umsögn til nemenda sem fyrst eftir skil. Umsögn til nemenda er tímafrekari endurgjöf en tölulegar einkunnir fyrir vinnuframlag. Eins er áhersla á í leiðsagnarmati að nemendur fái endurgjöf sem fyrst eftir verkefnaskil, þannig gerir hún gagn fyrir nám nemandans.

Önnur afleiðing af breyttri stokkatöflu er sú að stöðnum tímum í stundatöflum hefur fækkað í öllum áföngum en á sama tíma er krafist að farið sé yfir sama magn af námsefni. Það getur ýtt undir álag og streitu á kennara, að þeir nái að ljúka námsefni annarinnar á tilsettum tíma.

Annar mögulegur streitu- og álagsvaldur í skólanum geta verið auknar sérþarfir nemenda á Starfsbraut skólans. Áhersla hefur verið á einstaklingsþjónustu sem eykur álag á starfsfólk Starfsbrautar.

Mögulegt úrræði, til að minnka upplifaða streitu og álag, væri að fá faglegt innlegg/fræðslu fyrir starfsfólk með áherslu á álag og streitu í skólaumhverfi. Eins væri skynsamlegt að kennarahópurinn færi yfir árangur af breyttum vinnutíma á föstudögum og sífelldri endurgjöf til nemenda – er hún að skila sér í bættri frammistöðu nemenda?

Spurning 22 – *Stjórnendur fresta ekki ákvörðunum um erfið mál*

Niðurstöður spurningar gefa 63,64% jákvæðni. Ef erfið mál koma upp, er mikilvægt að tekið sé á málinu með föstum tökum og án mikilla tafa, frestun veldur óþarfa óvissu.

2. Niðurstöður kennslu-og áfangamats á haustönn 2021

Skýrslur um niðurstöður kennslukannanna er að finna í viðauka við þessa skýrslu. Jákvæður hluti er summa af **sammála** og **frekar sammála**. Markmið skólans er að jákvæður hluti í svona könnunum sé 70% eða meira.

Tafla 2: Sýnir jákvæðan hluta kennslu- og áfangakannanna haustið 2021

Jákvæður hluti, kennslukönnun H 2021 (%)			
SPURNING:	sammála/ mjög vel	frekar sammála/ frekar vel	Samtals
1. Kennslan hefur verið vel undirbúin	55,88	35,29	91,17
2. Kennarinn virðist kunna fag sitt vel	78,22	14,85	93,07
3. Námsfnið hefur komist vel til skila	32,67	39,6	72,27
4. Ég næ að halda athygli í kennslustundum	23,81	30,48	54,29
5. Fyrirlestrar/fyrirmæli kennara eru skýr og áheyrileg	50,5	31,68	82,18
6. Kennslustundir eru vel nýttar	44,12	34,31	78,43
7. Kennslustund er vel skipulögð	50,98	34,31	85,29
8. Kennarinn bregst vel við spurningum	66	22	88
9. Kennarinn hefur örugga framkomu	66,99	27,18	94,17
10. Kennarinn virðist áhugasamur um nám nemenda	62,38	27,72	90,1
11. Mér finnst námið áhugavert	22,33	21,36	43,69
12. Kennarinn bregst vel við gagnrýni/athugasemdum nemenda	52,94	31,37	84,31
13. Yfirferð námsfnis er hæfileg og jöfn	41,58	34,65	76,23
14. Kennaranum hefur tekist að hvetja mig til starfa	42,72	22,33	65,05
15. Mér finnst námið í áfanganum hafa tilgang	29,13	25,24	54,37
16. Ég er ánægð(ur) með kennsluna	46,08	22,55	68,63
17. Hvernig líður þér í áfanganum	48,51	32,67	81,18
18. Mér finnst ég læra af þeirri endurgjöf (einkunn, umsögn, leiðréttingu) sem ég fæ fyrir verkefni mín	42,31	32,69	75
Meðaltal	47,62	28,90	76,52

2.1. Athugasemdir og úrbótatillögur við kennslu- og áfangakannanir á haustönn 2021

Hér verða gerðar athugasemdir við niðurstöður einstakra spurninga í könnuninni ef **sammála** og **frekar sammála** nær ekki 70%.

Sp. 4. „Ég næ að halda **athygli** í kennslustundum. 54,29% jákvæðni

Sp. 11. „Mér finnst námið **áhugavert**“. 56,82% jákvæðni

Sp.14. „Kennaranum hefur tekist að hvetja mig til starfa“. 65,05%

Sp.15. „Mér finnst námið í áfanganum hafa **tilgang**“. 54,37% jákvæðni

Sp.16. „Ég er **ánægð(ur)** með kennsluna. 68,63% jákvæðni

Neikvæðar niðurstöður koma í ljós í spurningum 4, 11, 14, 15 og 16. Hér er mikilvægt að kennarar haldi áfram að bæta framsetningu námsfnis þannig að nemendur haldi athygli og finni áhuga og tilgang með náminu. Vert er að geta þess að jákvæðni er ívið minni í öllum svörum í fyrrgreindum spurningum,

samanbórið við síðasta skólaár (meðaltalið núna haustið 2021 er 76, 52% haustið 2020 var meðaltalið 79,76%, en þá önn hafði jákvæðni aukist frá haustinu áður).

Miðað við svörun nemenda er það helst athygli í tímum, áhugi á náminu í áfanganum og tilgangur með faginu sem kemur neikvætt út. Mikilvægt er að kennarar tileinki sér fjölbreytni í kennsluháttum, svo virkni sé tryggð hjá nemendum. Nemendur verða að fá vinnuframlagsverkefni í hverri kennslustund og innlögn kennara sé í samræmi við það. Einnig er mikilvægt að kennarar komi nemendum í skilning um mikilvægi náms almennt til þess að ná út eðlilegum þroska og búa yfir víðsýni til að takast á við þær áskoranir sem lífið býður upp á.


Úrbótatillögur sem matsnefnd hefur sett fram þurfa að koma skipulega til framkvæmda á meðal kennara og skólans. Allir kennarar athugi sína kennslu og skoði þau atriði þar sem kennslukannanir sýna að úrbóta sé þörf. Þörf er á að nýta kennarafundi til að ræða þessi mál og finna lausnir. Eins ber að nefna, að nemendafjöldinn fer lækkandi og því hefur svörun hvers nemanda meira vægi. Að auki er kennarafjöldinn lágur, og því hafa niðurstöður hvers áfanga mikil áhrif á meðaltalið.

Eftirfylgni: Sérstaklega verður fylgst með niðurstöðum fyrrgreindra spurninga í kennslukönnunum næsta skólaárs.

3. Vorönn 2022

Helsta verk sjálfsmatsnefndar á vorönn var að leggja fyrir heilsukönnun meðal staðnema. Einnig voru hefðbundnar kennslukannanir lagðar fyrir hjá hverjum kennara.

3.1. Niðurstöður námsmats vorannar 2022



Mynd 2: Sýnir niðurstöður námsmats vorannar 2022

Meðaleinkunn allra áfanga á önninni var 7,9. 8,4% skráninga í áfanga endaði með falli og 2,6% skráninga í áfanga endaði með úrsögn (einkunn H og O). Meðalmæting nemenda á önninni er ekki skráð í skýrsluna þar sem fjar-og dreifnemar eru hátt hlutfall af heildarfjölda nemenda og því gefur hlutfallstala (%) ekki rétta sýn á mætingu staðnema.

Tölfræði um námsmat í einstökum áföngum annarinnar er birt í viðauka. Ef meðaleinkunn milli anna (haust 2021 og vor 2022) er borin saman, sést að hausti er hún 8,0 en á vorönn 7,9.

3.2. Brottfall vorannar 2022

Heildarfjöldi eininga með einkunn H og O (nemendur hættu eða mættu ekki í próf) var 57. Brottfallseiningar voru því alls 57, eða 1,7 ársnemi.

3.3. Heilsukönnun meðal staðnema vor 2022

Í maí 2022 var lögð fyrir heilsukönnun meðal staðnemenda skólans (n=40). Í könnuninni var spurt um svefnvenjur, líðan og sjálfsvirðingu nemenda ásamt matarræði, orkudrykkjaneyslu og líkamlegu atgervi. Fjöldi svarenda var 24 í heild,

sem gefur 60% svarhlutfall. Niðurstöður könnunarinnar er birt í viðauka með þessari skýrslu.

3.3.1 Athugasemdir og úrbótatillögur vegna Heilsukönnunar meðal nemenda vorið 2022

Athugasemdir og úrbótatillögur vegna ófullnægjandi **svefns** nemenda.

Spurning 1 og 2

Þær benda til þess að 36% nemenda eru oft eða alltaf útsofin, þegar horft er til 30 samliggjandi daga. Helsta ástæða ónægs skiptist á milli þess að vera fram eftir í tölvu/síma, læra eða vera með vinum. Ástæða fyrir ónægum svefni kemur að vissu leyti betur út en síðast þegar heilsukönnun var lögð fyrir nemendur, þar sem megin ástæðan fyrir litlum svefni þá var slæm andleg líðan.

Við leggjum til að halda áfram með fræðslu um mikilvægi svefns og hvaða áhrif svefnleysi getur haft á líðan og virkni nemenda. Hjúkrunarfræðingur skólans eða utanaðkomandi aðili geta tekið að sér að sjá um slíka fræðslu. Haldið verður áfram að vinna með nýnemum skólans í heilsumarkmiðasetningu þar sem komið er inn á mikilvægi svefns og unnið er á einstaklingsgrundvelli.

Athugasemdir og úrbótatillögur vegna spurninga um **andlegt atgervi** nemenda.

Spurningar 3, 4 og 5

Þær gefa til kynna að vissum hluta nemenda líði illa og hafi lágt sjálfsálit. Mikilvægt er að *vörðuviðtöl* haldi áfram að vera hluti af öllum áföngum skólans þar sem koma má inn á líðan nemenda á einstaklingsgrundvelli. Vörðuviðtöl eru hluti af leiðsagnarmati skólans þar sem nemendur mæta í einstaklingsviðtöl við kennara. Þannig gefst færi á að ná snemma til nemenda og virkja umsjónarkennara sem og námsráðgjafa ef þurfa þykir.

Lífsleiknitímar á fyrstu skólaönn nemenda snúa sérstaklega að geðheilbrigði sem og eru fjölmargir áfangar í boði sem efla vitund nemenda gagnvart mikilvægi góðrar geðheilsu.

Þegar á heildina er lítið í svörun við spurningu 5, hversu hamingjusama(n) telur þú þig vera, er svörun þannig að 75% nemenda eru með 7 eða yfir á skalanum 0-10. Flestir svarenda velja hamingjugildið 9. Slík svörun verður að teljast viðunandi.

Athugasemdir og úrbótatillögur um **matarræði** nemenda.

Spurningar 6 og 7.

Hversu oft borðar/drekkur þú eftirfarandi fæðutegundir? Hér eru jákvæðar niðurstöður þar sem nemendur skólans kaupa lítið af kexi, sælgæti og skyndibita úr sjoppum. Hér eru einnig neikvæðar niðurstöður þar sem grænmetisneysla er í verulegu lágmarki, lítið borðað af trefjaríku brauði, og aðeins helmingur nemenda tekur lýsi daglega.

Spurning varðandi neyslu orkudrykkja var bætt við þessa heilsukönnun, þar sem mikil orkudrykkjaneysla er að verða lýðheilsuvandi á Íslandi. Niðurstöður sýna að næstum helmingur svarenda drekkur að lágmarki einn orkudrykk á dag. Ráðlagt er að Heilsuráð skólans hvetji verðandi útskriftarnemendur til að fjölga tilvikum þar sem boðið er upp á smurt brauð í verslun skólans, þar sem notuð eru trefjarík brauð, grænmetisálegg og aðgengi að hollari drykkjarvörum er tryggt. Að auki er jákvætt að grunnáfangi í næringarfræði er skylduáfangi á öllum stúdentsbrautum og því ætti þekking og vitund að aukast gagnvart hollari næringarkosti.

Athugasemdir vegna spurningar um **líkamlega áreynslu** nemenda

Spurning 9.

Niðurstöður sýna að 80% nemenda reyna á sig líkamlega nokkrum sinnum í viku eða daglega. Slík svörun er í góðum takti við ráðleggingar um hreyfingu og telst vel viðunandi.

4. Niðurstöður kennslu-og áfangamats á vorönn 2022

Skýrslur um niðurstöður kennslukannanna er að finna í viðauka við þessa skýrslu. Jákvæður hluti er summa af sammála (mjög vel) og frekar sammála (frekar vel). Markmið skólans er að jákvæður hluti í svona könnunum sé 70% eða meira.

Tafla 3: Sýnir jákvæðan hluta kennslu- og áfangakannanna vorið 2022

	Jákvæður hluti, kennslukönnun V2022 (%)		
	sammála/ mjög vel	frekar sammála/ frekar vel	Samtals
SPURNING:			
1. Kennslan hefur verið vel undirbúin	61,02	26,27	87,29
2. Kennarinn virðist kunna fag sitt vel	64,41	27,97	92,38
3. Námsfnið hefur komist vel til skila	33,9	32,2	66,1
4. Ég næ að halda athygli í kennslustundum	18,33	30	48,33
5. Fyrirlestrar/fyrirmæli kennara eru skýr og áheyrileg	38,14	39,83	77,97
6. Kennslustundir eru vel nýttar	43,22	27,97	71,19
7. Kennslan er vel skipulögð	56,78	24,58	81,36
8. Kennarinn bregst vel við spurningum	71,43	16,81	88,24
9. Kennarinn hefur örugga framkomu	65,55	21,85	87,4
10. Kennarinn virðist áhugasamur um nám nemenda	66,39	23,53	89,92
11. Mér finnst námið áhugavert	14,41	20,34	34,75
12. Kennarinn bregst vel við gagnrýni/athugasemdum nemenda	55,93	31,36	87,29
13. Yfirferð námsfnis er hæfileg og jöfn	44,54	31,93	76,47
14. Mér finnst námið í áfanganum hafa tilgang	33,06	27,27	60,33
15. Kennaranum hefur tekist að hvetja mig til starfa	33,33	25,64	58,97
16. Ég er ánægð(ur) með kennsluna	43,22	27,97	71,19
17. Hvernig líður þér í áfanganum	43,7	35,29	78,99
18. Mér finnst ég læra af þeirri endurgjöf (einkunn, umsögn, leiðréttingu) sem ég fæ fyrir verkefni mín	47,06	28,57	75,63
Meðaltal	46,36	27,74	74,10

4.1. Athugasemdir og úrbótatillögur við kennslu- og áfangakannanir á vorönn 2022

Hér verða gerðar athugasemdir við niðurstöður einstakra spurninga í könnuninni sem vert er að skoða nánar.

Sp. 4. „Ég næ að halda **athygli** í kennslustundum “. 48,33% jákvæðni

Sp. 11. „Mér finnst námið áhugavert“. 34,75% jákvæðni

Sp. 14 „Mér finnst námið í áfanganum hafa **tilgang**“. 60,33% jákvæðni

Sp. 15. „Kennaranum hefur tekist að **virka** mig til starfa“. 58,97% jákvæðni


Eins og kemur fram í töflu 3 má sjá að niðurstaða úr fimm spurningum er undir 70% viðmiði. Það er þó nokkur afturför frá því árinu áður en í samræmi við árin þar á undan. Undanfarin misseri hefur verið unnið markvisst að því að ná viðmiðum í kennslukönnunum með þá þætti sem þörfuðust úrbóta. Sú vinna mun halda áfram til að ná þeim árangri sem náðist síðasta skólaár.

5. Jákvæð svörun kennslu-og áfangakannana yfir skólaárin 2010-2022

Þetta skólaárið var ákveðið að bera saman jákvæða svörun í spurningum sem hafa verið í öllum kennslu-og áfangakönnunum frá árinu 2010.

Hér fyrir neðan má sjá meðaltal jákvæðra svara yfir 12 ára tímabil. Í viðauka má finna samanburð á stökum spurningum milli ára yfir sama tímabil. Taka ber fram að ekki var lögð fyrir kennslu-og áfangakönnun vorið 2014 vegna verkfalls framhaldsskólakennara né vorið 2020 vegna Covid.

Hingað til hefur viðmið fyrir jákvæða svörun verið 70% og eins og sjá má á mynd 3 næst það markmið allar annir yfir þetta tímabil fyrir utan haustið 2013. Verður það að teljast góð niðurstaða.



Mynd 3: Sýnir jákvæða svörun 2010-2022

6. Fall og brottfall á skólaárinu 2021 - 2022

Fall á haustönn 2021 var 10,0 % og brottfall var 4,5 % skráninga.

Fall á vorönn 2022 var 10,7 % og brottfall var 2,6 % skráninga.

5.1. Umfjöllun um brottfall

Þegar skólaárið í heild er borið saman við skólaárið á undan (2020-2021) þá má sjá að hlutfall þeirra sem falla er ívið lægra nú. Þó er brottfall ívið hærra þegar horft er til haustannar. Þegar brottfall milli anna er borið saman, er helst hægt að benda á það að áhrif vegna Covid gætti minna í skólastarfi á vorönn.

5.2. Úrbótatillögur vegna falls og brottfalls á skólaárinu

Mikilvægt er að kennarar haldi áfram að huga sérstaklega að þeim nemendum sem virðast vera í mestri brottfallshættu að loknum vörðuviðtölum og miðannarmati. Þessir nemendur þurfa að fá sérstaka aðstoð frá fagkennurum, umsjónarkennara og námsráðgjafa. Aðstoð getur falist í að skilafrestur á verkefnum er sveigjanlegur og/eða próftaka útfærð eftir þörfum nemenda. Fagkennarar geta aðstoðað nemendur sérstaklega t.d. í vinnustundartímum, sem virkar þá eins og stoðkennsla. Vinnustundir eru í stundatöflu alla föstudaga fyrir hádegi, þar sem nemendur geta fengið aðstoð við námið eftir þörfum.

Fagkennarar verða að fá upplýsingar frá stjórnendum í upphafi annar um nýja nemendur í sínum greinum með sértæka námsörðugleika og örðugleika sem bitnað geta á náminu, fjarnema sem staðnema. Þannig geta fagkennarar brugðist við á viðeigandi hátt og fundið leiðir og úrræði í samvinnu við nemandann.

Eftirfylgni: Brottfallstölur hveirrar annar bornar saman áfram og meta árangur af úrbótatillögum.

Lokaorð

Þessi sjálfsmatsskýrsla skoðaði skólastarfið eins og það var á skólaárinu 2021 – 2022 samkvæmt *Verk- og framkvæmdaáætlun sjálfsmatarnefndar* sem hægt er að sjá á heimasíðu FSH. Á báðum skólaönnum voru lagðar fyrir nemendur

hefðbundnar kennslu-og áfangakannanir, einn áfangi frá hverjum kennara á hvorri önn.

Á haustönn 2021 var lögð fyrir Viðhorfskönnun starfsmanna í FSH og á vorönn 2022 var lögð fyrir Heilsukönnun meðal staðnema

Tölfræði skólaársins, brottfall og ástundun nemenda, er einnig birt í skýrslunni og borin saman á milli anna.

Sjálfsmatsnefnd FSH,

Gunnar Baldursson, Rakel Dögg Hafliðadóttir, Smári Sigurðsson, Valdimar Stefánsson

Viðaukar

Námsárangur hópa eftir áföngum – haustönn 2021

Áfangi	Hópur	Kennari	Meðal einkunn	Fjöldi nema í hóp	Fjöldi með fall	Fjöldi með fall (úrsagnir með)	Fjöldi í próf/lokamat	Fjöldi nema í upphafi	Fjöldi úrsagna
DANS2LO05(11)	1	HRT	6,45	11	1	4	11	14	3
EFED1EE05(11)	1	GB	7,17	18	1	6	18	23	5
EFNA3GE05(31)	1	GB	9,25	4	0	0	4	4	0
EFNA3LR05(42)	1	BF	8,71	7	0	0	7	7	0
ENSK1RL05(02)	1	SS	6,67	3	0	0	3	3	0
ENSK2BL05(11)	1	SS	8,09	23	1	4	23	26	3
ENSK3MB05(31)	1	SS	8,15	13	1	3	13	15	2
FÉLV1IF05(11)	1	EP	8,43	14	0	2	14	16	2
HEIM2IH05(11)	1	VS	6	6	2	2	6	6	0
ÍSÁN1GA05(11)	1	ÁS		2	0	0	2	2	0
ÍSLE1MB05(02)	1	ÁS	5	2	0	1	2	3	1
ÍSLE2MÁ05(11)	1	ÁS	7,29	28	2	2	28	28	0
ÍSLE3BB05(33)	1	ÁS	7,5	6	0	0	6	6	0
ÍSLE3MI05(31)	1	ÁS	7,31	13	1	2	13	14	1
ÍPRÓ1GL01(11)	1	EP	9,26	23	1	1	23	23	0
ÍPRÓ1GL01(21)	1	EP	9	1	0	0	1	1	0
ÍPRÓ1HH01(31)	1	EP	8,13	8	1	2	8	9	1
ÍPRÓ1HH01(32)	1	EP	8,67	3	0	0	3	3	0
ÍPRÓ1HH01(33)	1	EP	8,22	9	1	3	9	11	2
ÍPRÓ1HH01(34)	1	EP	5	2	1	1	2	2	0
JARÐ2AJ05(21)	1	GB	8	13	1	1	13	13	0
KLNU3NT07	1		9,55	20	0	0	20	20	0
LÍFF3LL05(22)	1	BF	7,8	10	0	0	10	10	0
LÍFS1HN05(11)	1	RDH		23	0	0	23	23	0
MAVE3SP02	1			20	0	0	0	20	0
NÁMI1NS01(01)	1	EP		4	0	0	4	4	0
ORKM3OM05	1			12	0	0	12	12	0
RAF1RÍ05(11)	1	SNR	7,82	13	1	2	13	14	1
SAGA1YS05(11)	1	VS	8,04	25	2	4	24	27	2
SAGA2OL05(31)	1	VS	8,21	14	1	2	14	15	1
SÁLF2IS05(11)	1	RDH	7,77	13	0	2	13	15	2
SÁLF3GE05(31)	1	RDH	7,63	8	0	1	8	9	1
SÉR100	1	AJ/ SNR		6	0	0	0	6	0
STÆR1XZ05(02)	1	RDH	7,71	7	0	1	7	8	1
STÆR2JV05(11)	1	KAH	7,8	20	1	3	20	22	2
STÆR2VH05(22)	1	KAH	7,83	6	0	0	6	6	0
STÆR3HI05(41)	1	KAH	9,17	6	0	0	6	6	0
PÝSK1GR05(11)	1	SS	7,2	10	1	1	10	10	0
PÝSK1PB05(31)	1	SS	8,83	12	0	1	12	13	1

Meðaltal	7,81
Staðalfrávik	1,07


Námsárangur hópa eftir áföngum – vorönn 2022

Áfangi	Hópur	Kennari	Meðal einkunn	Fjöldi nema í hóp	Fjöldi með fall	Fjöldi með fall (úrsagnir með)	Fjöldi í próf/lokamat	Fjöldi nema í upphafi annar	Fjöldi úrsagna
DANS2TL05(21)	1	HRT	7,55	11	1	1	11	11	0
EÐLI2LA05(21)	1	GB	8,33	15	1	2	15	16	1
EFNA2AE05(21)	1	GB	7,56	9	2	3	9	10	1
EFNA3RS05(41)	1	GB	8,75	4	0	0	4	4	0
ENSK2BO05(21)	1	SS	7,74	27	2	2	27	27	0
ENSK3VO05(32)	1	SS	6,93	15	3	3	15	15	0
ÍSÁN1FR05(21)	1	ÁS	9	2	0	0	2	2	0
ÍSLE2BÓ05(21)	1	ÁS	7,69	26	1	3	26	28	2
ÍSLE3EE05(32)	1	ÁS	6,89	18	3	3	18	18	0
ÍSLE3YN05(34)	1	ÁS	6,6	5	2	2	4	5	0
ÍPRÓ1GL01(11)	1	EP	7	1	0	0	1	1	0
ÍPRÓ1GL01(21)	1	EP	8,95	21	0	1	21	22	1
ÍPRÓ1HH01(31)	1	EP	8	1	0	0	1	1	0
ÍPRÓ1HH01(32)	1	EP	8,22	9	0	0	9	9	0
ÍPRÓ1HH01(33)	1	EP	9,33	3	0	0	3	3	0
ÍPRÓ1HH01(34)	1	EP	8,14	7	1	1	7	7	0
LANF2NM05(11)	1	VS	6,8	20	5	7	20	22	2
LÍBE1HB01	1	HBS		14	0	0	0	14	0
LÍFF2AL05(11)	1	BF	7,25	12	0	2	12	14	2
LÍFF2EF05(21)	1	BF	8,2	10	1	2	10	11	1
NÁMI1NS01(02)	1	EP		2	0	1	2	3	1
NÆRI2NN05(11)	1	RDH	7,92	25	2	3	25	26	1
RAFÍ2MV05(21)	1	SNR	6,8	10	1	3	10	12	2
RANN3ER05(11)	1	EP	8	14	1	1	14	14	0
SAGA2YS05(21)	1	VS	8,54	28	1	1	28	28	0
SAGA3MM05(33)	1	VS	5,6	10	2	2	10	10	0
SÁLF2PS05(21)	1	RDH	8,58	12	0	2	12	14	2
SÁLF3FP05(32)	1	RDH	7	6	0	0	6	6	0
SÉR100	1	AJ/ SNR		5	0	1	0	6	1
SÖGN3SO05	1	HBS	8,55	20	0	0	20	20	0
STÞN3SP18	1	HBS	9,25	12	0	0	4	12	0
STÆR2TÖ05(21)	1	RDH	7,84	25	1	1	25	25	0
STÆR3DF05(31)	1	BF	7,67	6	0	1	6	7	1
STÆR3TD05(51)	1	BF	9,29	7	0	0	7	7	0
SVNU3SN05	1	HBS	9,3	20	1	1	20	20	0
ÞÝSK1GF05(21)	1	SS	7,88	8	0	0	8	8	0

Meðaltal 7,91
Staðalfrávik 0,89

Meðaleinkunnir frá hausti 2009 til vors 2022

Námsönn	Einkunn
H09	6,9
V10	7,2
H10	7,4
V11	7
H11	7,4
V12	7,5
H12	6,9
V13	7,2
H13	7,9
V14	7,1
H14	7,3
V15	7,5
H15	7,6
V16	7,1
H16	7,4
V17	7
H17	6,9
V18	6,8
H18	6,7
V19	7,4
H19	7,6
V20	7,02
H20	7,5
V21	7,2
H21	7,8
V22	7,9





VIÐHORFSKÖNNUN STARFSMANNA FSH HAUST 2021

VIÐHORFSKÖNNUN STARFSMANNA FSH HAUST 2021


maí - 2022

- NIÐURSTÖÐUR -




Skýrslan byggir á gögnum úr Outcome kannanakerfinu

1. Ég hef fengið hvatningu frá stjórnendum til að sækja sí-og endurmenntun




Svar	Fjöldi	Prósenta
Mjög sammála	4	36,36%
Frekar sammála	4	36,36%
Hvorki né	3	27,27%
Frekar ósammála	0	0,00%
Mjög ósammála	0	0,00%
Samtals	11	100,00%

2. Er í gildi skrifleg starfsmannastefna hjá stofnuninni sem þú starfar hjá




Svar	Fjöldi	Prósenta
Já	8	66,67%
Nei	0	0,00%
Veit ekki	4	33,33%
Samtals	12	100,00%

3. Þegar á heildina er litið, er ég ánægð(ur) í starfi mínu




Svar	Fjöldi	Prósenta
Mjög sammála	6	54,55%
Frekar sammála	4	36,36%
Hvorki né	1	9,09%
Frekar ósammála	0	0,00%
Mjög ósammála	0	0,00%
Samtals	11	100,00%

4. Þekking mín og hæfileikar nýtast vel í starfi mínu




Svar	Fjöldi	Prósenta
Mjög sammála	9	81,82%
Frekar sammála	1	9,09%
Hvorki né	0	0,00%
Frekar ósammála	1	9,09%
Mjög ósammála	0	0,00%
Samtals	11	100,00%

5. Starf mitt er metið að verðleikum af yfirmönnum mínum




Svar	Fjöldi	Prósenta
Mjög sammála	8	72,73%
Frekar sammála	2	18,18%
Hvorki né	0	0,00%
Frekar ósammála	1	9,09%
Mjög ósammála	0	0,00%
Samtals	11	100,00%

6. Ég er ánægð(ur) með laun mín hjá stofnuninni




Svar	Fjöldi	Prósenta
Mjög sammála	3	27,27%
Frekar sammála	4	36,36%
Hvorki né	1	9,09%
Frekar ósammála	3	27,27%
Mjög ósammála	0	0,00%
Samtals	11	100,00%

7. Starf mitt er fjölbreytt og reynir á ólíka hæfileika mína og færni




Svar	Fjöldi	Prósenta
Mjög sammála	7	63,64%
Frekar sammála	3	27,27%
Hvorki né	0	0,00%
Frekar ósammála	1	9,09%
Mjög ósammála	0	0,00%
Samtals	11	100,00%

8. Ég er undir miklu vinnuálagi




Svar	Fjöldi	Prósenta
Mjög sammála	1	9,09%
Frekar sammála	6	54,55%
Hvorki né	3	27,27%
Frekar ósammála	0	0,00%
Mjög ósammála	1	9,09%
Samtals	11	100,00%

9. Ég finn fyrir streitu í starfi mínu




Svar	Fjöldi	Prósenta
Mjög sammála	0	0,00%
Frekar sammála	6	54,55%
Hvorki né	1	9,09%
Frekar ósammála	2	18,18%
Mjög ósammála	2	18,18%
Samtals	11	100,00%

10. Góður starfsandi er ríkjandi innan stofnunarinnar




Svar	Fjöldi	Prósenta
Mjög sammála	3	27,27%
Frekar sammála	5	45,45%
Hvorki né	2	18,18%
Frekar ósammála	1	9,09%
Mjög ósammála	0	0,00%
Samtals	11	100,00%

11. Upplýsingamiðlun innan stofnunarinnar er í góðu lagi




Svar	Fjöldi	Prósenta
Mjög sammála	1	9,09%
Frekar sammála	7	63,64%
Hvorki né	2	18,18%
Frekar ósammála	1	9,09%
Mjög ósammála	0	0,00%
Samtals	11	100,00%

12. Ég er spurð(ur) álits á ákvörðunum sem snerta starfssvið mitt




Svar	Fjöldi	Prósenta
Mjög sammála	3	27,27%
Frekar sammála	6	54,55%
Hvorki né	1	9,09%
Frekar ósammála	0	0,00%
Mjög ósammála	1	9,09%
Samtals	11	100,00%

13. Hefur þú orðið fyrir einelti á núverandi vinnustað

